


	Bls.
Dýrolína Jónsdóttir og vísur hennar	1
Byggðasafn Skagfirðinga. Ársskýrsla 1989	12
Héraðsbókasafn Skagfirðinga. Ársskýrsla 1989 ..	15
Safnahús Skagfirðinga. Ársskýrsla 1989	16
Greinargerð um Héraðsskjalasafn Skag. 1989 ...	18
Úr Héraðsskjalasafni:	
Höfðavatn	21
Hver er maðurinn?	29
Safnafréttir	32

14. árgangur 1990

safna mal



Útgefandi:
HÉRAÐSSKJALASAFN SKAGFIRÐINGA
HÉRAÐSBÓKASAFN SKAGFIRÐINGA
BYGGÐASAFN SKAGFIRÐINGA

Gefið út með styrk úr
MENNINGARSJÓÐI
MAGNÚSAR BJARNASONAR
kennara

Umsjón:
HJALTI PÁLSSON
KÁRI JÓNSSON
KRISTMUNDUR BJARNASON
SIGRÍÐUR SIGURÐARDÓTTIR

Ábyrgðarmaður:
KÁRI JÓNSSON

AKUREYRI
PRENTVERK ODDS BJÖRNSSONAR HF.
MCMXC

Dýrólína Jónsdóttir og vísur hennar

Lausavísur Dýrólínu Jónsdóttur eru flestar dægurflugur. Hún felldi mál í rím og stuðla sér til hugarhægðar. En „fýsinn til fróðleiks og skrifta“ var meiri en svo, að henni nægði að varpa fram vísu. Heilsuveil og mædd af búskaparamstri á erfiðum tímum, kleip hún framan og aftan af nóttunni til þess að geta frekar sinnt hugðarefnum sínum. Hún orti ljóð, og þeir, sem vel máttu um dæma, töldu vel að verki staðið. Hún samdi og smásögur og stuttar skáldsögur. Hér verður aðeins birt sýnishorn vísnaðar hennar.

Dýrólína hefur trúlega orðið fyrst skagfirzakra kvenna til þess að birta skáldskap, ljóð og sögur, eftir sig á prenti. Þó er ekki vitað, hvenær hún hófst handa um það, og aldrei stundaði hún það að marki.

Árið 1914 birtust eftir Dýrólínu stökur í Óðni, en vel má vera, að hún hafi fyrr komð fram á ritvöllinn. Í Nýjum kvöldvökum 1920 birtust vísur eftir hana og 1926 smásaga í sama riti. Víðar kann hún að hafa borið niður, eins og fyrr segir.

Ingibjörg Björnsdóttir kennari segir nokkuð frá móður sinni hér á eftir, en við höfðum samráð um vísnavalið. Leitað var fanga í prentuðum blöðum og bókum, því að stökurarnar reyndust ekki allar til í uppskrift höfundar. Ingibjörg kunnir samt þorra þeirra.

Kristmundur Bjarnason.

Dýrólína Jónsdóttir var fædd á Hrauni í Goðdallasókn 30. janúar 1877. Foreldrar hennar voru Jón Guðmundsson og Guðrún Pálsdóttir ábúendur þar. Jón var fæddur á Syðsta-Vatni á Efríbyggð 18. september 1847. Faðir hans var Guðmundur Þorsteinsson, Eyfirðingur að ætt, og Marín Oddsdóttir bónda á Giljum. Þau voru ógift. Síðar kvæntist Guðmundur Ragnhildi Jónsdóttur og bjó í Villinganesi. Hjá þeim mun Jón hafa verið og líklega alist þar upp.

Safnamál . 1



Dýrolína Jónsdóttir.

Guðrún Pálsdóttir var frá Litladalskoti. Foreldrar hennar voru Páll Jónsson og Dýrleif Kristjánsdóttir. Þau áttu fleiri börn og veit ég fátt um þau, en móðir mín heyrði talað um að systkinin frá Litladalskoti hefðu ekki „kembt hærurnar“ eins og sagt var, svo trúlega hafa einhver þeirra dáið ung.¹ Guðrún var fædd 24. janúar 1849.

Jón og Guðrún eignuðust tvær dætur. Dýrolínu og Ingibjörgu sem var tveimur árum yngri. Hún fluttist síðar til Eyjafjarðar

¹ Páll og Dýrleif eignuðust sjö börn og komust fimm þeirra til fullorðinsára, sbr. Skagfirzkar æviskrár 1850-1890, III bindi, bls. 192-193.

og bjó lengst af í Villingadal í Saurbæjarhreppi með Hjálmari Þorlákssyni og áttu þau fjögur börn. Ingibjörg lést 18. ágúst 1949.

Á Hrauni byrjuðu þau Jón og Guðrún búskapinn og voru þar í tvö ár. Samkvæmt Jarða- og búendatali Skagafjarðarsýslu var Hraun byggt úr Villinganeslandi nálægt árinu 1825 og var 1/4 af Villinganesi. Trúlega hefur Hraun ekki verið nein kostajörð, því ábúendur hafa staðið þar stutt við, allir nema þeir fyrstu. Það sést á því að á árunum 1859-1879 er sjö sinnum skipt um ábúendur. Eftir það er hætt að búa á Hrauni og jörðin er aftur sameinuð Villinganesi.

Ég get þess hér að hið sérkennilega nafn móður minnar var þannig til komið að Dýrleif amma hennar missti mann sinn, Pál Jónsson, en giftist aftur Ólafi Guðmundssyni. Þótti þá við hæfi að litla stúlkan bæri nafn ömmu sinnar og seinni manns hennar. Þannig varð Dýrolínunafnið til.

Afi minn og amma hafa ekki búið á eignarjörð þau fáu ár sem hún lifði. Það sést á því hve oft þau flytja sig. Frá Hrauni fara þau að Bústöðum og á Gilsbakka eru þau 1882-1885 og þar deyr Guðrún 2. desember 1884. Þá eru systurnar fimm og sjö ára gamlar og verður faðir þeirra að útvega þeim samastað. Ingibjörg fer til roskinna systkina, Hálfans Guðnasonar og Kristínar, og hef ég heyrt að þar hafi henni liðið vel. Um móður mína er það að segja að eitthvað mun hún hafa verið á vegum Kristjáns móðurbróður síns og konu hans, en hvorugt þeirra sýndi henni mikla umhyggju, og um þau ræddi hún sjaldan. Hún var um tíma hjá Dýrleifu móðursystur sinni í Sölvanesi, en Dýrleif var heilsutæp og dó 1887 svo ekki var þar framtíðarheimili fyrir móðurlaust barn.

Jón faðir hennar kvæntist aftur 29. október 1886, Ingiríði Eiríksdóttur ekkju í Villinganesi. Þá tók hann eldri dóttur sína til sín og ólst hún upp í hópi margra stjúpsystkina.

Samband afa míns og móður minnar var mjög gott. Hún minntist þess oft hve vænt sér hefði þótt um föður sinn og hve góður hann hefði verið sér. Ég veit ekki betur en að eftirfarandi vísa sé eftir hann og ort um hana þegar hún var barn.

Þú ert fljóðið ljúf í lyndi,
liljum vænum fegri að sjá,
smækkar móð en smíðar yndi
smaragðsgrænum kjóli á.

Hjá stjúpu sinni hafði móðir mín fremur lítið ástriki, en aldrei kom það fram hjá henni að Ingiríður hefði verið slæm við hana. Hins vegar sagði hún að stjúpa sín hefði treyst sér og að hún sjálf hefði aldrei brugðist trausti hennar, en einlæg vinátta var með henni og sumum af stjúpsystrum hennar.

Á fullorðinsárum slitu þau Jón og Ingiríður samvistum. Hún fór til einnar dóttur sinnar en hann í húsmennsku og fylgdi móðir mín honum, þá löngu fullorðin og ógift. Hann andaðist á Hofi í Vesturdal 14. júní 1914.

Ég hef dregið hér saman nokkur atriði um uppruna og æsku móður minnar. Hún minntist þess stundum hve mikið sig hefði langað til að fara að heiman og læra meira en hún átti kost á þar. Þessa ósk fékk hún að nokkru uppfyllta. Hún stundaði nám við Kvennaskóla Akureyrar veturna 1897-1899, og seinna var hún einn vetur í Reykjavík og fékk þá einhverja tilsögn hjá frænda sínum, Pálma Pálssyni menntaskólakennara frá Tjörnum í Saurbæjarhreppi í Eyjafirði. Þennan vetur mun hún hafa leigt húsnæði ásamt fleiri ungum stúlkum hjá Guðrúnu Pálsdóttur og syni hennar, séra Friðriki Friðrikssyni. Henni var innilega hlýtt til þeirra mæðgina og minntist þeirra ávallt með virðingu og þakk-læti, og ljósmynd átti hún af þeim.

Móðir mín miðlaði öðrum af þekkingu sinni, því hún kenndi í Goðdallasókn árin 1902-1906 og einnig 1907-1909.

Eftir andlát föður síns fluttist hún út að Fagranesi á Reykjaströnd, líklega fyrir tilstuðlan Elínar Ólafsdóttur, sem var hálf systir föður hennar og mikil vinkona. Árið 1915, þann 9. maí, giftist hún Birni Guðmundssyni bónda þar og bjó þar síðan í tvíbýli við mágfólk sitt. Hún eignaðist tvær dætur, Ingibjörgu, sem þetta ritar; fædda 20. nóvember 1918, kennara í Reykjavík, og Áslaugu, fædda 11. júní 1922, húsfreyju á Sauðárkróki.



Bærinn í Fagranesi um 1940.

Hér hefur verið stiklað á stóru og sjálfsagt gætu einhverjir aðrir gert ævi Dýrólínu Jónsdóttur betri skil en þess ber að geta að ég fæðist ekki fyrr en hún er næstum fjörutíu og tveggja ára og fyrstu æviárin veit maður heldur lítið um sína nánustu. Það sem hér fer á eftir er sú lýsing sem ég get gefið af eigin sjón og raun.

Móðir mín var lág vexti en þéttvaxin eins og ég minnst hennar. Hins vegar hef ég heyrt frá þeim sem þekktu hana unga að hún hafi þá verið grönn en þótt mjög smávaxin. Hún var dálítið rauðbirkin, stóreygð og gráeygð, með mikið og fallett rauðgult hár, næstum gyllt. Oftast var hún glaðleg í framkomu, röskleg og vildi láta verkin ganga, „láta hendur standa framúr ermum,“ eins og hún komst að orði. Orðhög var hún svo af bar og mjög vel hagmælt, átti létt með að svara fyrir sig með vísu og gerði það gjarnan en því miður eru flestar þeirra gleymdar. Hún hélt þeim ekki til haga og því fór sem fór. Í samtali við fólk held ég að henni hafi aldrei verið orða vant.

Eftir að ég man eftir mér var hún ekki fullkomlega heil heilsu. Hún hafði, það sem þá var kallað, lungnaþembu; var hún þess

valdandi að hún gat aldrei hlaupið eða flýtt sér vegna mæði; og kulda og raka þoldi hún illa. Ekki bætti það, að við bjuggum í gömlum torfbæ og má með sanni segja að húsakynni voru léleg.

Fjárhagur foreldra minna var alltaf heldur þröngur og þurfti að fara sparlega með efnin, og það reyndu þau sannarlega. Ég þori að fullyrða að markmið þeirra var að skulda helst engum en lifa síðan á afganginum.

Ekki veit ég hvers vegna móðir mín lagði fyrir sig annan skáldskap en ljóðagerð. Hún dáði menntun og unni öllu sem þjóðlegt var og sjálfsagt hefur hugur hennar staðið til annars en að verða fátæk bóndakona. Ef til vill hefur skáldsagnaritunin verið henni uppbót á það er hana sjálfa skorti. Stundum hefur mér dottið í hug að hún hafi lifað í tveimur heimum, þeim raunverulega, þar sem lífsbáttan var vægðarlaus, og hins vegar heimi skáldskapar, sem hún skapaði sjálf og gat ráðið gangi mála.

Eins og aðrar sveitakonur átti hún fáar tómsundur en væru þær einhverjar þá notaði hún þær til að skrifa. Einkum var það seint á kvöldin þegar aðrir voru sofnaðir að hún tók fram blöðin sín og hófst handa, en pappír kostaði peninga og hann þurfti að spara eins og annað, þess vegna var hvert pappírblað notað. Ég man hve vel hún strauk og sléttaði úr mislitum umbúðapappír til þess síðar að geta skrifað á hann.

Á veturna hafði hún lítinn lampa á borðshorninu til að skrifa við en steinolíuna þurfti að kaupa og þar af leiðandi spara hana líka, enda minnst ég þess sem smákrakki að hún bjargaðist við týru.

Þrátt fyrir þessa tómsundavinnu vanrækti hún ekki heimilisstörfin, en heilsunni hrakaði eftir því sem árin liðu og störfin færðust meira yfir á herðar okkar sýstranna. En hún var á fótum, vann þau verk sem hún hafði þrek til að vinna og stjórnaði heimilinu. Við systur vorum mikið til heima, önnur hvor eða báðar.

Eftir áramót veturinn 1939 versnaði henni og fór þá á sjúkrahúsið á Sauðárkróki og var þar um tíma. Um bata var ekki að ræða en þjáningar hafði hún ekki.

Vegna þrengsla á sjúkrahúsinu varð hún að fara þaðan en varð

þó að vera undir læknishendi. Fór hún fyrst til fullorðinna hjóna og síðar til gamallar hjúkrunarkonu, Helgu Guðmundsdóttur. Á báðum þessum stöðum var mjög vel um hana hugsað og héraðslæknirinn vitjaði hennar daglega. Hún lést 22. júní 1939 og hafði fulla hugsun til síðustu stundar.

Eitthvað reyndi hún að skrifa síðustu vikurnar sem hún lifði. Áður en hún fór á sjúkrahúsið tók hún talsvert af skáldskap sínum og brenndi, taldi hann ekki þess virði að halda honum til haga. Þó álit ég, að hún hafi alið þá von í brjósti að hún fengi heilsu til að ljúka við og ganga frá ýmsu skrifuðu efni en það varð ekki. Þar mun vera skýringin á því hve mörgum er ólokið af sögunum hennar.

Móðir mín vissi vel að hverju dró. Hún talaði um það við okkur dætur sínar að nú skyldum við ekki búast við fleiri samfundum, sem og líka varð. Hún var jafn róleg og æðrulaus eins og væri hún að segja okkur fyrir verkum, en trúin á guðlega forsjón var ríkur þáttur í lífi hennar og án efa mikill styrkur öll þau ár sem hún barðist við heilsuleysi og kröpp kjör.

Það getur verið að þessi blöð Dýrólínu Jónsdóttur séu ekki mikils virði en á þeim er að finna tómsundastörf sveitakonu sem var rík af ýmsu öðru en veraldarauði.

Ingibjörg Björnsdóttir.

Dýrólína Jónsdóttir kastaði fram vísum um hvaðeina, sem fyrir augu eða eyru bar, kvað um veðurfar, himin, láð og lög. Hér getur sýnishorn:

Hopa vindar, hýrnar brún,
hlær mót rindum sólin,
örmum bindur heitum hún
háan Tindastólinn.

Aldrei harm né hugraun fann,
hjartað varma sefur,
klettaarmi hörðum hann
hlíð að barmi vefur.

Klökknar njólu kalda brá,
kemur ról á fossinn,
þegar hólar freðnir fá
fyrsta sólarfossinn.

Skinið hrindir skör af ál,
skýrast myndir hylja,
tala vindar vorsins mál,
vötn og rindar skilja.

Greiða vindar gisin ský,
geislar tinda lauga.
Bjartar myndir birtast í
bláu lindarauga.

Ekki munu vísurnar þrjár hér að ofan vera samstæðar, heldur munu þær ortar sín í hvert sinn. Vísan hér á eftir um vorylinn, sem vermir inn að hjartarótum, hefur heldur ekki átt samleið með öðrum stökum:

Sólin málar leiðir lands,
ljósin háleit skína,
finn ég strjálást geislaglans
gegnum sálu mína.

Kvöldkyrrð á Reykjaströnd að sumarlagi:

Allt er hljótt um haf og sund,
hulið óttu skýlu.
Tárast nótt, en grátin grund
gengur rótt til hvílu.

Meðan sólin svölu hjá
sævarbóli tefur,
litla fjólan lokar brá
leggst í skjól og sefur.

Misjöfn reynast ævikjörin:

Margan kól af megni kífs,
minnsta skjóli feginn,
aðrir róla leiðir lífs
lengst af sólarmegin.

Vögguvísur:

Svefninn kemur hægt og hljótt,
hýrum augum lokar.
Fyrir honum furðu skjótt
fjör og gáski þokar.

Eitthvað dreymir angann minn,
enn er bros á vörum.
Ekki er góði engillinn
okkar seinn í förum.

Kemur hann að hvílu þín,
hvergi mun þig saka,
elsku hjartans ástin mín,
yfir þér að vaka.

Lyfti hann þinni litlu önd
ljóssins upp í heima,
að þig megi, auðarströnd,
eitthvað fagurt dreyma.

Dýrólína orti Kerlingavísur, er hún nefndi svo, 28 að tölu, allt hringhendur. Hér eru þrjár úr vísnaflökknum:

Marga hrellir sorgin sár,
síst því elli varnar,
en þó fella fáir tár
fyrir kellingarnar.

Látum elli friðland fá,
fækkum hrellingunum.
Mótgangs skellur aldan á
eftir kellingunum.

Visin elli ber ei blóm,
bleik af hrellingunum.
Æskan felli engan dóm
yfir kellingunum.

Í öngum sínum finnur Dýrólína huggun í trúnni. Hér er gripið
niður í vísnaflokk, sem ber þess vitni:

Þegar vandast verkefnið,
vonin land svo finni:
leitar andinn upp á við
eftir handfestunni.

Öllum kjósa átt þú stað,
allt þér hrósar, Drottinn.
Sérhvert rósar blóm og blað
ber þess ljósan vottinn.

Þinn að rengja mikla mátt
mundi engum gaman;
ótal strengir stórt og smátt
sterkir tengja saman.

Kærleiksmundin knýtti það,
klæddi grund og móinn;
hún gat fundið fjöllum stað,
fjötrum bundið sjóinn.

Þá er það heimsádeilan, aldarhátturinn. Eftirfarandi vísur eru
ósamstæðar og tildrög þeirra ókunn, nema síðustu vísunnar:

Safnamál . 10

Svikull auður, ást og tál
olli nauða kjörum.
Margur dauðans döpru skál
drakk af rauðum vörum.

Samboðinn ég svanna tel
svinum hjörvarafti.
Það er mælt að skörðótt skel
skældum hæfi kjafti.

Yndi brjálur ástasjúk,
allt í málar glettum,
fátæk sál í fögrum bók
full af táli og prettum.

Eftirfarandi vísu kvað Dýrólína hafa ort ung að árum frammi
í Skagafjarðardölum um stelpukrakka, sem var að kankast við
pilta. Óþarft er að nafngreina hann hér, en vísan þótti ganga
eftir:

Eins og veiztu, veigabré,
veldur neistinn bruna.
Ekki treyst' eg því að þú
þolir freistinguna.

Safnamál . 11

Byggðasafn Skagfirðinga Glaumbæ

ÁRSSKÝRSLA 1989

Að venju var safnið opið fyrir almenning alla daga frá kl. 10-17, frá 1. júní til 31. ágúst. Nokkrum ferðalöngum var hleypt inn í september, og í október var grunnskólanemum í Skagafirði boðin safnkennsla. Gestir urðu samtals 14.251. Minjavörður starfaði allt árið og tveir safnverðir að auki yfir sumarmánuðina. Sömu safnverðir voru og mörg undanfarin ár, þær Ragnheiður Ólafsdóttir fyrirverandi prestsfrú í Glaumbæ og Ólína Jónsdóttir í Hátúni.

Helztu framkvæmdir á vegum safnsins voru: útgáfa 7 nýrra póstkorta, viðgerðir á nokkrum safnmunum; viðgerð á Gilsstofu var haldið áfram og flutt var inn í nýja geymslu, sem safnið tók á leigu. Einnig má geta þess, að settir voru ofnar í salernis- og geymsluskúr safnsins, svo þar er nú góð upphitun.

Safninu barst góð gjöf frá Önnu S. Snorradóttur og Birgi Þórhallssyni. Það var mynd af velunnara safnsins frá fyrstu tíð, Mark Watson og smárit um lífshlaup hans. Watson var enskur aðalsmaður og gaf stórfé (200 sterlingspund) til viðgerða á Glaumbæ 1938, sem varð til þess að bærinn var varðveittur.

Margir munir bárust safninu, þrátt fyrir að ekki væri hafin skipuleg söfnun á árunum 1988-89. Um 100 munir voru skráðir inn í safnið á árinu 1989. Þar má nefna skinnskó með þvengjum, bora, beizlistöng úr kopar, búrkistur tvær, heinarbrýni, blóðmæli, mjólkurfötu, kartöflu- og grænmetisskera, hakkavél, pressujárn,

reipahagldir, kartöfluskóflu, tindaherfi, bollaskáp, mannbrodna, skaflaskeifu, hurðarjárn, kertastjaka, harmonikku, þrjónavélar þrjár (þar af eina hringþrjónavél), 4 reizlur, skíði, kistu, koffort, stól, smjörmæli, aktygi, vigt, kertastjaka, lugt, hurðajárn, stokktré, kulumót úr eigu Jóns Ósmanns, sleggju, steðja og skrúfstykki úr eigu Myllu-Kobba, tunnupvingu, snúningsáhold fyrir færagerð, Rafka eldavél, brúnbris, smáskammtaglas, svipu, loftvog, 9 hljómplötur (78 snúninga), diska, skál, bolla, brennivínsstaup, netanál, skóhorn, símabjöllur, skarbít, tóbakshorn, vinkil, púkkpeninga úr beini, seilarnálar, 4 klæðisbúta, torfljá, klifbera, saumatöng, grindarsög, svæfingajárn, klukku, snældustól, engjafötu, hefla og lokrekku. Einnig tók safnið í geymslu muni úr kirkjunni á Ríp 1988, þ.m.t. járnkrossinn gamla af kirkjunni, klukku for-gamla, marga kertastjaka – bæði úr málm og tré – altarisdúk og patínudúka. Altarisklæði og hökull voru send Þjóðminjasafni til varðveislu. Einnig komu þaðan nokkrir olíulampar. Tvær leiðisfjalir komu einnig frá Ríp. Um þær er fjallað í *Safnamálum*, 13. árg. 1989.

Viðgerðir á friðlýstum húsum í Skagafirði á árinu urðu nokkrar. Þil og klukknaport voru tjörguð í tvígang í Gröf á Höfðaströnd og hlaðið í skarð á kirkjugarðsvegg. Minjavörður annaðist viðgerðir. Viðgerð var hafin á gamla bænum á Hólum. Búrið var rífið niður og veggir hlaðnir frá grunni. Viðgerðir önnuðust Jóhannes Arason, Elías og Ari Jóhannessynir, ásamt torfstungu- og ristumönnum, þeim S. Helga Sigurðssyni og Friðriki Steinssyni. Lokið var viðgerðum á bæ Skúla Magnússonar á Stóru-Ökrum. Þingstofan var tekin niður, viðuð upp á nýtt að miklu leyti og veggir endurhlaðnir. Viðgerðarmenn voru þeir sömu og á Hólum, ásamt minjaverði og þeim Svanhildi Pálsdóttur sem handlangaði, sneiddi, stakk og hlóð, og Sigurði Halldórssyni og Ragnari Gunnlaugssyni, sem ristumestallt torf í þennan bæ. Staðarhaldarar dyttuðu að girðingu umhverfis kirkjuna á Víðimýri og aðstoðuðu minjavörð við lagfæringu á þaki. Lokið var viðgerð á húsi því, sem Gusa kallast í Glaumbæ. Smiðir frá trésmiðaverkstæðinu Hlyn á Sauðárkróki unnu verkið og Jóhannes Arason gildaði í

kamp norðan við bæjardyr. Minjavörður skar utanaf veggjum á baðstofu. Gunnlaugur Jónasson bóndi í Hátúni sá um að hirða lóð, eins og mörg undanfarin ár og dyttaði að ýmsu því, sem betur mátti fara.

Byggðasafnið fékk styrki frá eftirtöldum aðilum 1989:

Menningarsjóði Kaupfélags Skagfirðinga kr. 50.000.
Þjóðhátíðarsjóði kr. 195.000.
Byggðastofnun kr. 400.000.

Undirrituð vill minna lesendur á að tekið er á móti öllum menningarmönnum með þakklæti, ef fólk liggur á einhverju, hvort sem um er að ræða muni eða frásagnir.

Eftirtaldir aðilar gáfu safninu 1989:

Friðbjörg Vilhjálmsdóttir og Friðrik Guðmundsson, Sauðárkróki.
Gerður Sigurðardóttir, Sleitustöðum.
Guðríður B. Helgadóttir og Friðrik Brynjólfsson, Austurhlíð.
Gunnlaugur Steingrímsson, Hofsósi.
Hróar Pálsson, Hryggjarseli 11, Reykjavík.
Margrét Jónsdóttir, Löngumýri.
María Helgadóttir, Stóru-Ökrum.
Ólína Jónsdóttir, Hátúni.
Rósa Guðmundsdóttir, Marbæli.
Sigríður Jónsdóttir, Steinsstaðabyggð.
Sigurjón Jónasson og Sigrún Júlíusdóttir, Syðra-Skörðugili.
Sigmundur Magnússon, Vindheimum.
Sölvi Jónsson, Hofsósi.

Ég vil færa þeim alúðarþakkir fyrir.

Skrifað um miðjan október 1990.

Sigríður Sigurðardóttir.

Héraðsbókasafn Skagfirðinga Safnahús Skagfirðinga

ÁRSSKÝRSLA 1989

Opnunartími héraðsbókasafnsins var aukinn lítillega á árinu og gerðar á honum smávegis breytingar. Nú var opið 18 stundir á viku, mánudaga til miðvikudaga kl. 15-19, fimmtudaga kl. 20-22 og föstudaga kl. 14-18.

Lánþegum fjölgaði heldur frá fyrra ári, urðu alls 517 (501 á fyrra ári). Barnaskírteini urðu 126 (117), en fullorðinsskírteini 391 (384). Gjald fyrir skírteini hækkaði úr 400 í 500 kr. fyrir fullorðna, en hélzt óbreytt, 150 kr., fyrir börn og lífeyrisþega. Sektargjald var áfram ein króna á dag fyrir vanskiladag og óbreyttar reglur um lánstíma og fjölda bóka.

Útlán stóðu nokkurn veginn í stað, urðu 24.100 (24.011). Barnabókaútlán urðu 4.259 (4.379) en lán til fullorðinna 19.841 (19.611). Nánari skipting fullorðinsbóka var þannig, að skáldsögur urðu 13.689 (14.494), en flokkabækur 6.152 (5.002). Þar af voru 78 útlán tímarita og fræðibóka af lestrarsal. Útlán blindrabóka urðu 20 talsins. Skráðir gestir, sem fengu léðar bækur, urðu 6.426 (6.184), þar af börn 1.306 (1.338), en fullorðnir 5.120 (5.629).

Lán til skipa urðu 302, en til skóla voru lánuð alls 117 bindi.

Safnkostur jókst um 750 bindi og skráð númer í árslok voru 23.500. Auk þess berast safninu árlega nokkuð á annað hundrað titlar blaða og tímarita.

Úr ofangreindum tölum má lesa ákveðna þróun. Heildarútlán standa nokkurn veginn í stað og er vonandi að þeim fækki ekki frekar en orðið er. Sú þróun hefur gengið yfir allt land undanfarin ár, að útlánum almenningsbókasafna hefur fækkað til muna. Tölurnar sýna einnig, að útlánum til barna heldur áfram að fækka. Börn virðast minnka smám saman bóklestur, en hlutfall svokallaðra flokkabóka eða fræðibóka vex hægt og hægt á kostnað skáldsagna í heildarútlánum.

Allmargir gáfu safninu blöð og bækur, nokkrir verulegt magn og má þar sérstaklega nefna Kristján Ragnarsson skipstjóra, sem gaf um 150 bækur, Guðmund Sigurðsson smið, er gaf um 80 bækur og Ólaf Sveinsson lækni með um 60 bækur og rit af ýmsu tagi. Þá hefur sr. Björn H. Jónsson á Húsavík gefið safninu feykimikið af gömlum dagblöðum og ýmsu öðru prentdóti síðustu ár. Öllum gefendum eru færðar hugheilar þakkir og fylgir skrá gefenda hér á eftir.

SAFNAHÚS SKAGFIRÐINGA

Bæjarstjórn Sauðárkróks hélt sína fundi í Safnahúsinu sem endranær, 18 talsins. Aðrir fundir ýmissa félagasamtaka urðu alls 30. Réttarhald var fjórum sinnum á vegum bæjarfógeta.

Myndlistarsýningar urðu fimm, þegar með er talin sýning á teikningum grunnskólabarna úr samkeppni á vegum Umhverfisátaks 1989. *Elías B. Halldórsson* varð boðsgestur Safnahússins og Listasafns Skagfirðinga að þessu sinni á hinni árlegu Sæluvikusýningu. Myndhópurinn *Áfram veginn* úr Reykjavík hélt sýningu um mánaðamót apríl-maí. *Jónas Viðar* frá Akureyri sýndi um miðjan september og skömmu síðar kom *Myndhópurinn* frá Akureyri með sýningu.

Ráðizt var í umtalsverðar framkvæmdir innanhúss. Ákveðið var að flytja héraðsskjalasafnið úr norðurenda efri hæðar og búa því stað á neðri hæð í norðurhluta hússins, þar sem verið hafði fundasalur og geymsla. Jafnframt var gerð áætlun um gerð eldvarnar-

veggja í húsinu beggja megin stigagangs. Í fyrsta áfanga þess verks var hlaðinn eldvarnarveggur norðan anddyris og jafnframt útbúin skjalageymsla í vesturhluta norðurenda. Þar var múrað upp í glugga, hlaðið innan á lausa veggi og gerð rúmlega 50 fermetra eldtraust geymsla. Aðalsteinn J. Mariusson annaðist þennan verkhluta og hófst handa 30. október. Rafsjá h/f annaðist breytingar á raflögnum. Jón Grétar Þorsteinsson framkvæmdi trésmíðavinnu alla á vegum Hlyns h/f og um áramót stóð yfir málningarvinna, sem Jónas Þór Pálsson málarameistari tók að sér.

Stjórn og starfslið safnanna var óbreytt frá fyrra ári.

Hjalti Pálsson.

Eftirtaldir gáfu til Héraðsbókasafnsins á árinu 1989:

Aðalgeir Egilsson, Mánárbakka, Tjörnesi.
Arndís Jónsdóttir, Ægisstíg 6, Sauðárkróki.
Bára Haraldsdóttir, Öldustíg 6, Sauðárkróki.
Sr. Björn H. Jónsson, Höfðabrekku 22, Húsavík.
Bryndís Birgsdóttir, Ártúni 7, Sauðárkróki.
Eypór Stefánsson, Fögruhlíð, Sauðárkróki.
Grétar Guðbergsson, Skagfirðingabraut 35, Sauðárkróki.
Guðmundur Sigurðsson, Freyjugötu 38, Sauðárkróki.
Hannes Pétursson, Túngötu 25, Álftanesi.
Kristján Ragnarsson, Háuhlíð 10, Sauðárkróki.
Ólafur Sveinsson Víðihlíð 10, Sauðárkróki.
Sigurlaug Jónsdóttir, Suðurgötu 2, Sauðárkróki.
Skúli Magnússon, Vesturgötu 44, Keflavík.
Soffía Daníelsdóttir, Ártúni 7, Sauðárkróki.

Greinargerð um Héraðsskjalasafn Skagfirðinga 1989 – 1. júní 1990

Héraðsskjalasafn Skagfirðinga var starfrækt með líkum hætti og undanfarin ár. Opnunartími þess var 9-10 klst. í viku; lengri ef þurfa þótti hverju sinni, og afgreitt utan opnunartíma, ef fram á það var farið, gestir langt að komnir og höfðu stutta viðdvöl. Skjalavarzlan var annars sem fyrr hlutastarf.

Afgreidd erindi utan opnunartíma reyndust á árinu 1989 348 talsins. Þar af um 140 frá einstaklingum utan héraðs. Fyrirspurnirnar voru ærið sundurleitar, margar erfiðar viðfangs og tímafrekt að svara þeim.

Unnið var að flokkun skjala og skráningu handrita og ljósmynda. Nokkuð hefur og verið hlynnt að hljóðritanasafninu, sem fer vaxandi; elztu hljóðritanirnar trúlega um 40 ára gamlar.

Undanfarin ár hefur verið gripið í að spjaldskrá mannanafnalykil handritasafnsins. Á árinu var sótt um styrk til þessa verkefnis úr Vísindasjóði, og fékkst hann. Undirrituðum hefur verið falið að sjá um gerð nafnalykilsins.

Mikið var unnið að ljósritun afhendingarskyldra gagna til Þjóðskjalasafns Íslands. Á héraðsskjalasafnið þannig eftirrit allra embættisbóka, sem sendar eru til varðveislu syðra.

Skráðir safngestir á árinu 1989 voru 510.

Undirritaður hugðist láta af störfum við safnið um síðustu áramót (1989-1990), en af því gat ekki orðið; teygðist úr starfstímanum til 1. júní. Á þessum mánuðum reyndust gestir 204 talsins,

erindi utan opnunartíma safnsins 115. Þá höfðu verið skráð 2154 almenn handrit. Trúlega bíða enn skráningar hátt í fjögur hundruð númer.

Hér verður saga safnsins ekki rakin frekar, en undirritaður hefur verið beðinn að gera henni skil síðar, og verður reynt að verða við þeirri ósk.

Starfið við safnið hefur verið erfitt en ánægjulegt; samvinna við samstarfsaðila með ágætum. Sérstakar þakkir skulu færðar Kára Jónssyni, sem gegndi formannstöðu í 20 ár (1970-1990) með einstökum glæsibrag, en einnig ber að þakka Hjalta Pálssyni langt og gott samstarf, svo og stjórnar- og starfslíði safnsins fyrr og síðar.

Kristmundur Bjarnason.

Skrá um gefendur 1989 – 1. júní 1990:

Ari Jóhann Sigurðsson, Ármúla, Skag.
Árni H. Árnason, Ægisstíg 6, Sauðárkróki.
Björn Egilsson frá Sveinsstöðum, Skag.
Erla Einarsdóttir, Hólavegi 18, Sauðárkróki.
Eyþór Stefánsson, Fögruhlíð, Sauðárkróki.
Friðrik Margeirsson, Hólavegi 4, Sauðárkróki.
Geir S. Björnsson, Goðabyggð 4, Akureyri.
Geirlaug Jónsdóttir, Kvisthaga 17, Reykjavík.
Guðjón Ingimundarson, Bárustíg 6, Sauðárkróki.
Guðrún Kristjánsdóttir, Freyjugötu 26, Sauðárkróki.
Sr. Gunnar Gíslason, Varmahlíð.
Gyða Jónsdóttir, Miðleiti 7, Reykjavík.
Hannes Pétursson, Túngötu 25, Álftanesi.
Helga Helgadóttir, Bogahlíð 14, Reykjavík.
Helga Jónsdóttir frá Gunnfríðarstöðum, Héraðshælinu, Blönduósi.
Helga Kristjánsdóttir, Silfrastöðum, Skag.
Helga Óskarsdóttir, Ögmundarstöðum, Skag.
Helgi Hálfðanarson, Máshólum 19, Reykjavík.
Héraðsskjalasafn Akureyrarbæjar og Eyjafjarðarsýslu, Akureyri.
Héraðsskjalasafn Austur-Húnavetninga, Blönduósi.
Héraðsskjalasafn Suður-Pingeyinga, Stóragarði, Húsavík.

Héraðsskjalasafn Svarfdæla, Dalvík.
Hjalti Pálsson, Raftahlíð 57, Sauðárkróki.
Hlíf Árnadóttir og Kristmundur Bjarnason, Sjávarborg, Skag.
Hróðmar Margeirsson, Ögmundarstöðum, Skag.
Hulda Sigurbjörnsdóttir, Skagfirðingabraut 37, Sauðárkróki.
Ingibjörg Björnsdóttir, Laugateigi 54, Reykjavík.
Ingvar Sighvats, Aðalgötu 11, Sauðárkróki.
Jóhannes Guðmundsson, Bólstaðarhlíð 45, Reykjavík.
Jón Ásbergsson, Granaskjólí 62, Reykjavík.
Jón H. Jóhannsson, Skagfirðingabraut 43, Sauðárkróki.
Jón K. Margeirsson, Logalandi 17, Reykjavík.
Karlakórinn Heimir, Skágafirði.
Kaupfélag Skagfirðinga, Sauðárkróki.
Kári Jónsson, Smáragrund 16, Sauðárkróki.
Kristján Runólfsson, Raftahlíð 37, Sauðárkróki.
Leifur Sigurðsson, Sogavegi 168, Reykjavík.
Magna Sæmundsdóttir, Hríseyjargötu 2, Akureyri.
Margrét Halldórsdóttir, Vesturbergi 4, Reykjavík.
Margrét Magnúsdóttir, Skagfirðingabraut 33, Sauðárkróki.
Margrét Margeirsdóttir, Dragavegi 7, Reykjavík.
Marteinn Ág. Sigurðsson, Gilá, A.-Hún.
Páll Sigurðsson frá Lundi, Öldustíg 15, Sauðárkróki.
Sigríður Margeirsdóttir, Silakvísl 7, Reykjavík.
Sigrún M. Jónsdóttir, Suðurgötu 10, Sauðárkróki.
Sigurður Pétur Björnsson, Garðarsbraut 17, Húsavík.
Sigurlaug Jónasdóttir, Kárástöðum, Skag.
Sigurlaug Jónsdóttir, Suðurgötu 2, Sauðárkróki.
Sigrusveinn D. Kristínsson, Hátúni 12, Reykjavík.
Skúli Br. Steinþórsson, Tjarnarföt 1, Garðabæ.
Snorri Björn Sigurðsson, Skagfirðingabraut 25, Sauðárkróki.
Sæmundur Jónsson, Bessastöðum, Skag.
Þorgeir Árni Sigurðsson, Borgargerði, Skag.
Þjóðskjalasafn Íslands, Reykjavík.

Skrá um gefendur 1. jan. til 31. maí 1990:

Árni Þorbjörnsson, Grundarstíg 2, Sauðárkróki.
Sr. Gunnar Gíslason, Varmahlíð.
Guttormur Óskarsson, Skagfirðingabraut 25, Sauðárkróki.
Kristín Lárusdóttir, Bakka, Vatnsdal, A.-Hún.

Úr Héraðsskjalasafni

HÖFÐAVATN

eftir Björn Jónsson í Bæ

Björn Jónsson (1902-1989) bóndi og hreppstjóri í Bæ á Höfðaströnd lét eftir sig mikil skrif. Dagbækur hélt hann óslitið frá árinu 1921 og á seinni hluta ævinnar ritaði hann niður fjölmargan fróðleik í þykkar bækur. Urðu þessar „syrpur“ hans 15 talsins, áður yfir lauk. Fóru Björns eru nú varðveittar á héraðsskjalasafninu og birtist hér sýnishorn úr þeim, þar sem hann segir frá Höfðavatni:

H.P.

Höfðavatn mun vera nálægt 12 ferkílómetrum að stærð, um 4 km frá austri til vesturs og 3 km frá norðri til suðurs. Að vatninu liggja fjórar jarðir: Bær, Höfði, Vatn og Mannskaðahóll. Örnefni eru mörg kringum vatnið. Frá Bæ er Þórðarhöfði í hánorður með svokölluðum Búðarbrekkum, sem liggja að vatninu. Þar eru huldufólksstöðvar sagðar vera, sölubúð og altari. Og ef haldið er út með Höfðanum eru Gerðisvíkur, Húsanes, Höfðamöl upp að bænum Höfða, Höfðaá, Lómatjörn, Vatnsbakkar, Gljúfraá, Vatnslækur, Hólsbakkar, Flugulækur, Hálshöfði, Bæjarkot, Urriðalækur, Lambatangi, Vatnabakkar, Langeyri og Bæjarmöl út að Þórðarhöfða. Vatnið er dýpra vestur við Þórðarhöfða og Bæjarmöl eftir mælingum miðað við stórstraumsfjöru, 6 faðmar, en nokkuð jafnt austur á vatninu, 3 faðmar. Einn hólmi er í vatninu, sem þó er í kafi, þegar hátt er í. Á botni vatnsins skiptast á malarrindar og sand- eða leirbotn. Er þar töluverður gróður og er það reynsla mín, að silungur haldi sig í höllum þessara malarrinda.

Veði

Í vatninu hefur alltaf verið töluverð silungsveiði og var þó meiri hér áður, þegar tómthúsfólk, er bjó á Bæjarklettum og Kotunum við vatnið – stundum um 40 manns – hafði þaðan mjög mikinn styrk til matar. Þá voru netalagnir út um allt vatn. Á veturnum var lagt niður um ís og dorgað, og komu menn oft með stórar kippur úr þeim veiðiferðum. Mest af silungi þessum var 1-2 pund að þyngd. Í lækjunum og Höfðaá var mikið af silungi. Nokkur ár var svo mikil veiði í Höfðaá, að fiskar riðluðu hver á öðrum, og þegar riðið var á hestum yfir ána, bar það við, að silungur drapst undan hestfótunum. Háfað var upp á bíla úr ánni og úr ádrætti. Margt af þessum fiski var mjög vænt.

Um 1933-1935 var komið upp klakstöð á Höfða. Sáú þeir um hana tvö ár bóndinn á Höfða, Friðrik Guðmundsson, og bóndinn í Bæ, Björn Jónsson. Var seiðum sleppt í vatnið í töluverðu magni og hefur það líklega átt nokkurn þátt í hinni miklu veiði í Höfðaá nokkrum árum síðar. Þegar Friðrik Guðmundsson flutti burtu 1937, lagðist þessi þarfi rekstur niður.

Miklu áfalli varð silungsstofn í Höfðavatni fyrir, er ábyggilega fleiri tonn af silungi frusu í ís. Þetta var að vetri, og hafði gengið hláka svo að vakir mynduðust og stórar tjarnir, en einhverra orsaka vegna leitaði silungur upp í þessar tjarnir. Svo fraus og fiskurinn var lokaður í tjörnum þessum, sem urðu svo að ís. Á stóru svæði vatnsins var varla hægt að stíga niður fæti, svo þar væri ekki undir frosinn silungur. Ekki varð vart við þetta fyrr en eftir nokkurn tíma, svo að engar nytjar fengust af þessu.

Samgangur vatns við sjó

Sýnilegt er, að Þórðarhöfði hefir forðum verið aðskilinn frá landi; a.m.k. hefir Bæjarmöl ekki verið til, en sjór náð upp að núverandi túni á Bæ. Þar eru miklar skelja- og sjávarleifar, en mölin sýnir, að smátt og smátt hefir túnið myndast og Höfðavatn




Björn í Bæ kemur úr fengselli vitjun. Myndin er tekin á svonefndum Vatnabökkum vestan við Lambatanga.

orðið til. Í minni núverandi elztu manna var enginn samgangur við sjó. Var þá mjög hátt í vatninu svo að t.d. engjar Bæjarlands, sem liggja lágt meðfram vatninu, voru einn vatnselgur og aðeins sandrindar upp úr. Var þá engjastör slegin þar í mittisvatni, en flutt á þrómmum upp á rindana.

Svo var það einn vordag, að mjög hátt var í vatninu eftir leysingar og vexti í lækjum. Þá ruddi það sér farveg í gegn um mölina til sjávar. Geysilegar hamfarir urðu, stærðar björg sáust kastast upp úr straumiðunni og drunur frá vatnsflaumnum heyrðust langar leiðir. Þarna myndaðist skipgengur skurður, en flóð og fjara varð í vatninu eftir sjávarföllum.

Oft voru mótorbátar af Bæjarklettum geymdir inni á Höfðavatni, því þarna var komin örugg höfn. Stór bátur af Saudárkróki, sem notaður hafði verið sem uppskipunarskip, slitnaði þar upp og rak út að Bæjarmöl, en innfallið í Ósnum hreif bátinn og flutti hann inn á vatn. Þar bar hann beinin uppi í fjöru á Bæjarmöl innanverðri. Bátur þess mun hafa verið um 10 tonn, hét Stormfuglinn og var í eigu Poppsverzlunar.

HÖFÐAVATN.
1:5000.



SKAGAFJÖRÐUR.

Safnamál . 24

H Ö F Þ A V A T N .

Safnamál . 25

BYRÐIR OG HÁJÐIR Í FÖRHOLD TIL SPRINGTÓSS LAYNAÐAR.
MÁLLENI ER ALLT Í METER.

Hafnarmannvirki við Höfðavatn

Allt fram undir 1940 voru á Skagafirði ein beztu síldarmið íslenzka flotans. Síldin var oft uppi í landsteinum, allar vikur fylltust stundum af síld og oft mátti sjá síldarskip við veiðar svo grunnt, að rétt flaut. Fyrir kom að farið var í land og snurpað frá landi.

Síldarmóttaka var á þessum árum á Siglufirði og vestur á Ströndum. Því var það ekki óeðlilegt, að útgerðarmenn og saltendur litu til Höfðavatns sem álitlegs hafnarstæðis og söltunarstaðar, en þar þurfti fjárfrekt mannvirki að gera til að slíkt gæti orðið. Einn síldarkaupmaður á Siglufirði, Gustav Grönvold, fór fram á að faðir minn, eigandi Bæjar, seldi aðstöðu til hafnarmannvirkja-gerðar á Bæjarmöl og í Höfðavatni. Punktur úr samningi þeirra, 17. september 1916, hljóða svo: að Jón Konráðsson selji Gustav Grönvold spildu úr Bæjarmöl út við Þórðarhöfða, þar sem stór ós var í gegnum mölina til sjávar. Á landspildu þessari er hugmynd að gera skipgengan skurð og skal stærð hinnar seldu landspildu vera 75 metrar frá hvorum skurðbarmi ásamt skurðinum. Skal kaupandi mega gera hverskonar mannvirki á hinni seldu landspildu. Einnig hefur kaupandi afnotarétt af Höfðavatni á þeim parti, sem tilheyrði Bæ til skipalegu og annars atvinnureksturs á vatninu, einnig til að dýpka og laga, þar sem þörf krefur. Verði ekki byrjað á fyrirhuguðu mannvirki innan 5 ára, fellur landið aftur til seljandans. Kaupverðið var kr. 400. 21. apríl 1919 kom yfirlýsing frá ekkju Gustavs Grönvold um að hún afsalaði sér fyrir hönd dánarbús manns síns öllu tilkalli til áður seldrar landspildu. Þar með var sá draumur búinn um þá hafnarframkvæmd.

Á árunum 1918 og 1919 fær svo einn þekktasti þálfandi Íslendingur, Jóhann Sigurjónsson skáld frá Laxamáryri, mikinn áhuga fyrir hafnarmannvirkjum við Höfðavatn. Mikill skyldleiki var með Jóhanni og föður mínum og man ég að Jóhann kallaði hann alltaf frænda. Hann var hér mikið þessi tvö sumur, þó sérstaklega fyrripart ársins 1919. 15. maí 1919 var samningur gerður um kaup á Bæ, Mannskaðahóli og Vatni. Höfði var ríkisjörð og fékkst ekki keyptur. Bær var seldur fyrir kr. 70.000, Vatn á 40.000 og Mann-

skaðahóll á 20.000. Kaupendur voru danskt-íslenskt milljónafélag, nefnt *Höfðavatn*. Framkvæmdastjórar og aðalmenn þessa félags voru Carl Sæmundsen Kaupmannahöfn og direktör Dehnfeld í Odense, en umboðsmaður þeirra hér var Jóhann skáld Sigurjónsson. Samningur þessi er langur og mjög ítarlegur. Nokkur hluti söluverðs, rúml. 1/3 verðs, var greiddur eftir undirskrift samnings. Eftirstöðvar áttu að greiðast sem hlutafé við fullnaðarstofnun hlutafélags um Höfðavatn.

Ég var um 17 ára, þegar þetta gerðist og man því greinilega viðburði alla. Jóhann Sigurjónsson: hár og grannleitur, frekar lotinn í herðum, nokkuð stórt kónganef, augun ógleymanleg, skörp og út úr svipnum skein eldlegur áhugi. Annars var Jóhann veikur síðustu daga, er hann var hér, og grun hefi ég um að hann hafi haldið sér uppi með víni, því að nokkrum sinnum var sent eftir brjóstbirtu, sem hann kallaði, til Magnúsar Jóhannssonar læknis í Hofsósi. Jóhann fór héðan um mánaðamótin maí-júní 1919, en í ágúst mun hann hafa dáðið.

Um sumarið voru hér einn og tveir verkfræðingar við mælingar og kortagerð á vatninu. Voru það Petersen, danskur, og Benedikt Jónsson. Einnig kom hér landsverkfræðingur, Kirk að nafni. Ég var mikið með þessum mönnum til hjálpar, bæði við dýptarmælingar og landmælingar kringum vatnið. Einnig fór töluverður tími í að bora niður í malarkambinn til að athuga, hvort klöpp væri í undirlögum. Var þetta seinlegt, því að teinar, sem framlengdir voru, voru reknir með sleggjum. Oft hitti á stóra steina, en þá þurfti að færa um set. Út úr þessu öllu kom svo kort af vatninu og fyrirhuguðum hafnarmannvirkjum. Á ég kort þetta, sem ég tel merkilega heimild frá þessum tíma.

Eins og alþjóð er ljóst, fór þetta milljónafyrirtæki á höfuðið eftir stríðsárin fyrri, og þá var ekki Jóhann Sigurjónsson hér með sína óbilandi trú á að þarna væri bezta hafnarstæði á landinu. Þar sem ekki var staðið við gerða samninga, gengu öll kaup á jörðunum til baka og urðu þær eign fyrrverandi eigenda. En mikið umtal varð um, að huldufólk í Þórðarhöfða hefði átt drjúgan hlut að andláti þeirra manna, er mest börðust fyrir málefniinu. Og það

man ég, að Petersen verkfræðingur var mjög hræddur, eftir að Jóhann var dáinn, um að dagar sínir væru senn allir.

Hafnarverkfræðingar hafa komið hér síðan og litið á aðstæður. Hafa þeir sagt öll skilyrði einhver hin beztu hér á landi, en vitanlega þyrfti á bak við svona framkvæmdir að vera rekstur, sem réttlætti þá hluti, sem í væri ráðizt.

Skráð úr heimildum og dagbók 1960.

Hálfum öðrum áratug síðar skrifar Björn smáviðbót, sem rétt þykir að láta fljóta með. H.P.

Djúpborun á Bæjarmöl

Árið 1919, þegar svokallað Höfðavatnsævintýri stóð yfir, fóru fram margháttadar athuganir og mælingar á þessum slóðum. Allt var kortlagt, dýpi mælt víða um vatnið og á Bæjarmöl, þar sem skipaskurður átti að koma, þótti sjálfsgagt að bora niður til að kanna hvort ekki væri klöpp undir eða fast berg. En á þeim tímum voru tæki ófullkomin til þeirra hluta og handaflíð var nærtækast.

Smíðaðir voru að mig minnir töluvert sverir borar með hertum, snúnum oddi. Okkur virtist þetta mjög voldugt verkfæri, en nú væri sannarlega hlegið að því. Ekki man ég nú, eftir 57 ár, allt um þessi störf, en búinn var til upphækkun eða stillas, þar sem tveir menn stóðu með sleggju og börðu á borinn til skiptis, en aðrir tveir voru með þvingur niðri, um einn til tvo metra frá möl-inni, og sneru eftir því sem teinninn gekk niður. Einnig var staða sleggjanna lækkuð eftir því sem þurfti. Oft lenti borinn á föstu og þurfti þá að færa sig til, en við allar þessar prófanir þótti sannað, að komast mætti a.m.k. 4-5 m niður í mölina, en stór björg voru þar, sem hinn voldugi tilraunabor stöðvaðist á. Af framangreindum tilraunum var því ályktað, að á þessum stað væri hægt að gera skipaskurð.

Safnamál . 28

Hver er maðurinn?

Nokkrar myndir fengust nafngreindar úr seinustu Safnamálum. Nr. 297 reyndist vera af Einari Jóhannessyni í Breiðargerði. Snjólaug og Guðmundur í Árnosi upplýstu um mynd nr. 298. Hún var af Hjálmari Þorlákssyni á Þorljótsstöðum. Þau þekktu einnig mynd nr. 322 af þeim Þorljótsstaðahjónum, Jónasi Jónassyni og Þóreyju Jónasdóttur, með son sinn, Hálfán. Mynd nr. 301 er af Kristínu Pétursdóttur frá Vatnshlíð (upplýsingar Kristínar Lárusdóttur frá Bakka í Vatnsdal). Nr. 302 er Sigríður Þorsteinsdóttir frá Grund í Þorvaldsdal, búsett á Akureyri (upplýsingar frá Friðriki Margeirssyni og Guttormi Óskarssyni á Sauðárkróki). Nr. 323 er af þeim hjónum Þorkeli Jónssyni og Önnu Sigríði Sigurðardóttur á Daðastöðum með börnum sínum. Eru þá upptaldar þekktar myndir úr Safnamálum 1989 og þökkum við kærlega veittar upplýsingar.

Þá er að taka að nýju til óþekktar mynda. Þær munu úr ýmsum áttum komnar og eru 15 hinar fyrstu, nr 326-340 teknar af Arnóri Egilssyni ljósmyndara í Húnavatnssýslu en þrjár hinar seinustu, nr. 341-343 eru frá ljósmyndurum á Sauðárkróki. Við biðjum glöggskyggna lesendur að veita okkur liðsinni.


H.P.

Safnamál . 29

332



329



330



334

331



326



327




328



343



340



337



342



339



336



341



338



335



Safnafréttir

Hinn 1. júní 1990 lét Kristmundur Bjarnason formlega af embætti skjalavarðar eftir aldarfjórðungsstörf við héraðsskjalasafnið. Þá tók Hjalti Pálsson við stöðu skjalavarðar, en hætti jafnframt starfi bókavarðar, sem hann hafði gegnt frá haustinu 1976. Við bókasafninu og forstöðu Safnahússins tók Jón Árni Friðjónsson.

Á vordögum 1990 fóru fram flutningar á „innbúi“ héraðsskjalasafnsins og hinn 21. júní var það opnað í nýjum húsakynnum á neðri hæð Safnahússins. Þá var búið að koma öllum handritum og miklum hluta af skjölum safnsins í eldtrausta skjalageymslu, ganga frá skrifstofu skjalavarðar, lestrarsal og filmuleskompu. Hefur öll aðstaða og öryggi safnsins batnað til mikilla muna.

Á haustdögum 1990 var slegið upp sýningu í Safnahúsinu á verkum Listasafns Skagfirðinga. Sýndar voru 27 myndir, allar eftir skagfirzka listamenn, þ.e. karla og konur sem fæðzt hafa í Skagafirði eða búið þar um lengri eða skemmri tíma.

Sýningin var opin almenningi um nokkurra vikna skeið, en síðar var skólum gefinn kostur á að senda nemendur í kynnisferð. Urðu nokkrir skólar til að nýta sér þetta, bæði af Sauðárkróki og utan úr héraði. Alls skráðu sig um 300 manns í gestabók á sýningunni.



Minningarkort

Fræðasjóðs
Skagfirðinga
fást í

Safnahúsinu
við Faxatorg

og

Verzlun
Haraldar Júlíussonar

útlán

BÓKASAFNIÐ


Mánudaga kl. 3.00	–	7.00 s.d.
Þriðjudaga kl. 3.00	–	7.00 s.d.
Miðvikudaga kl. 3.00	–	7.00 s.d.
Fimmtudaga kl. 8.00	–	10.00 s.d.
Föstudaga kl. 2.00	–	6.00 s.d.

Lestrarsalurinn er opin á sömu tímum.

HÉRAÐSSKJALASAFNIÐ

er opið til afgreiðslu:

Mánudaga kl. 1.15	–	5.00 s.d.
Þriðjudaga kl. 1.15	–	5.00 s.d.
Miðvikudaga kl. 1.15	–	5.00 s.d.
Fimmtudaga kl. 1.15	–	5.00 s.d.
og kl. 8.00	–	10.00 s.d.
Föstudaga kl. 1.15	–	5.00 s.d.



SAFNAHÚS
SKAGFIRÐINGA